

Fimmtudaginn 9. febrúar 1995.

Nr. 36/1995.

Landsbanki Íslands

(Gunnar Sólmes hrl.)

gegn

Skipabrautinni hf.

(Kristján Stefánsson hrl.)

Kærumál. Innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut þessu máli til Hæstaréttar með kæru 23. janúar 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 1. febrúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 12. janúar 1995, þar sem tekin var til greina krafa varnaraðila um, að honum yrðu veitt umráð yfir stálbát með skipaskrárnúmeri 2102, sem var í vörslum sóknaraðila. Kæruheimild er í 4. mgr. 84. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og beiðni varnaraðila um innsetningargerð hafnað. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Eins og getið er í hinum kærða úrskurði, varð sóknaraðili hæstbjóðandi við nauðungarsölu 14. mars 1994 á fyrrnefndum stálbát, sem þá var í umráðum varnaraðila, og var boð hans í bátinn samþykkt. Sóknaraðili fékk vörslur bátsins 10. október 1994 að undan genginni beiðni um innsetningargerð, sem var endanlega tekin til greina með dómi Hæstaréttar 26. maí sama ár. Nauðungarsalan á bátnum var á hinn bóginn felld úr gildi með dómi Hæstaréttar 2. desember sl., og krefst varnaraðili nú að fá aftur umráð yfir bátnum.

Fyrir liggur, að sóknaraðili hefur með beiðni 6. desember 1994 krafist nauðungarsölu á bátnum að nýju. Beiðnin var árituð 13. desember 1994 af sýslumanninum í Reykjavík um, að sóknaraðila væri heimilt að krefjast afhendingar á bátnum og varðveita hann, þar til

honum yrði ráðstafað við uppboð. Með þessari ákvörðun sýslumanns, sem á stoð í 59. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu, hefur sóknaraðila verið veitt heimild til að taka til sín bátinn til undirbúnings nýrrar nauðungarsölu. Sú heimild stæði óhöggð, þótt varnaraðila yrðu nú veitt umráð yfir bátnum með innsetningargerð. Innsetningargerðin myndi því í raun engum tilgangi þjóna, enda breytir hún ekki stöðu varnaraðila, að því er varðar haldsrétt yfir bátnum, sem hann hefur borið fyrir sig, við úthlutun söluverðs við nauðungarsölu. Verður samkvæmt þessu að hafna kröfu varnaraðila um innsetningargerð og fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

Dæma verður varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi. Umbeðin innsetningargerð fer ekki fram.

Varnaraðili, Skipabrautin hf., greiði sóknaraðila, Landsbanka Íslands, 75.000 krónur samanlagt í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 12. janúar 1995.

Mál þetta, er þingfest var 29. desember sl., var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 9. janúar sl.

Gerðarbeiðandi er Skipabrautin hf., kt. 691289-3979, Njarðvík.

Gerðarþoli er Landsbanki Íslands.

Gerðarbeiðandi krefst dómsúrskurðar um, að sér verði með beinni aðfarargerð fengin umráð yfir stálbát, þ. e. nýsmíði nr. 7, hjá gerðarbeiðanda, skipaskrárnúmer 2102, en báturinn er í vörslum gerðarþola á geymslusvæði Samskipa hf. við Holtagarða í Reykjavík. Þá er krafist málskostnaðar.

Gerðarþoli krefst þess, að beiðni gerðarbeiðanda verði hafnað og hann úrskurðaður til að greiða sér málskostnað.

Málavextir eru þeir, að með samningi 4. desember 1990 tók gerðarbeiðandi að sér smíði framangreinds báts fyrir Gylfa Baldvinsson á Árskógsandi. Hinn 14. mars 1994 var báturinn seldur á nauðungaruppboði að kröfu útibús gerðarþola á Akureyri. Uppboðsþoli var framangreindur Gylfi og uppboðsheimildin fjárnám. Gerðarþoli var hæstbjóðandi á uppboðinu, bauð 15.000.000 kr., og var boði hans tekið. Hann greiddi þessa fjárhæð þegar í stað, og með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness 20. apríl sl. var

heimilað að taka bátinn úr vörslum gerðarbeiðanda og fá þær gerðarþola. Úrskurðurinn var staðfestur í Hæstarétti 26. maí sl. Hinn 10. október sl. afhenti sýslumaðurinn í Keflavík gerðarþola bátinn, sem hefur síðan haft hann í vörslum sínum.

Gerðarbeiðandi bar gildi nauðungaruppboðsins undir Héraðsdóm Reykjaness, og með úrskurði hans, upp kveðnum 28. júní sl., var hafnað kröfu hans um að ógilda það. Gerðarbeiðandi skaut málinu til Hæstaréttar, sem felldi uppboðið úr gildi með dómi 2. desember sl.

Hinn 6. desember sl. óskaði gerðarbeiðandi eftir því við sýslumanninn í Reykjavík, að báturinn yrði seldur á nauðungaruppboði.

Gerðarbeiðandi vitnar til þess, að hann hafi haft bátinn í umráðum sínum og átt haldsrétt í honum, bæði samkvæmt 5. gr. framangreinds smíðasamnings og 200. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Með því að taka bátinn úr vörslum gerðarbeiðanda kveður hann gerðarþola hafa raskað lögvörðum umráðarétti sínum yfir honum. Gerðarbeiðandi kveðst eiga skýran og ótvíræðan umráðarétt yfir bátnum til að tryggja haldsréttarkröfu sína, og því beri að afhenda sér hann með vísan til 78. gr. aðfararlaga nr. 90/1991.

Gerðarþoli mótmælir því, að gerðarbeiðandi eigi haldsrétt í bátnum, enda hafi hann engin gögn lagt fram um þann rétt. Vörslur hans séu með lögmætum hætti hjá gerðarþola samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 26. maí sl. svo og með heimild sýslumannsins í Reykjavík, sbr. 59. gr. laga um nauðungarsölu nr. 91/1990. Þá telur gerðarþoli, að haldsréttur gerðarbeiðanda hafi fallið niður, þegar hann glataði vörslum bátsins. „Ef til þess kæmi að haldsréttarkrafa gerðarbeiðanda yrði viðurkennd, þá væri aðeins um fjárkröfu að ræða, og sú krafa kæmi til með að sæta tölulegri gagnrýni af hálfu veðhafa. Hvort fjárfkrafa gerðarbeiðanda á grundvelli haldsréttar er til staðar eða ekki og að hve miklu leyti sú krafa kæmi til greiðslu af uppboðsandvirði, hlýtur að koma til álita við úthlutun uppboðsandvirðis“.

Niðurstaða.

Samkvæmt 1. mgr. 200. gr. siglingalaga nr. 34/1985 gat gerðarbeiðandi haldið bátnum til tryggingar kröfum sínum vegna smíðinnar. Smíðasamningurinn hefur ekki verið lagður fram í þessu máli, en í dómi Hæstaréttar frá 2. desember sl. er vitnað til 5. gr. hans, sem kveður á um haldsrétt gerðarbeiðanda í bátnum, þar til lokauppgjör hafi farið fram í samræmi við ákvæði samningsins.

Haldsréttur gerðarbeiðanda féll niður, þegar báturinn var tekinn úr vörslum hans, en hann var sviptur umráðum bátsins á grundvelli nauðungaruppboðsins, sem fram fór 14. mars 1994 og ógilt var með dómi Hæstaréttar 2. desember sl.

Grundvöllur vörslusviptingarinnar var uppboðið, og með því að það hefur verið ógilt, ber að koma málinu í það horf, sem það var í fyrir uppboðið. Þetta gildir um vörslur bátsins, og þar eð gerðarbeiðandi átti réttilega haldsrétt í honum samkvæmt tilvitnuðu laga- og samningsákvæði, verður orðið við kröfu hans og heimilað, að báturinn verði tekinn úr vörslum gerðarþola og fenginn gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli skal greiða gerðarbeiðanda 50.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari, kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Stálbátur, skipaskrárnúmer 2102 og merktur sem nýsmíði nr. 7 hjá gerðarbeiðanda, Skipabrautinni hf., skal tekinn úr vörslum gerðarþola, Landsbanka Íslands, og fenginn gerðarbeiðanda í hendur.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda 50.000 kr. í málskostnað.
